

Nd.

363. Tillaga .

til þingsályktunar um lækkun vaxta.

Flutningsm.: Gunnar Sigurðsson.

Neðri deild Alþingis ályktar að skora á stjórnina að koma því til leiðar, að vextir bankanna og annara lánsstofnana verði lækkaðir hið bráðasta.

Greinargerð.

Eins og kunnugt er, hafa nú undanfarið, svo að segja vikulega, borizt hingað fregnir um lækkun vaxta erlendis. Nú eru t. d. vextir stórbankanna, Englandsbanka (Bank of England)  $3\frac{1}{2}\%$  og seðlabanka Hollands (Nederlandche Bank)  $3\%$ .

Hér eru vextir Landsbankans nú  $7\frac{1}{2}\%$  og  $\frac{1}{2}\%$  framlengingargjald. Það er nú að vísu svo, að eðlilegt er, að þjóðbanki vor sé neyddur til að hafa hærri vexti en hliðstæðir bankar erlendis, en hinsvegar er sá munur, sem nú er á

vöxtum hér og erlendis, óhæfilega mikill. Það virðist því tími til kominn, að ríkisstjórnin geri það sem í heunar valdi stendur til að kippa þessu í lag, og hefði raunar mátt fyrr vera. Nánar í framsögu.